

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 59/2010**

**frá 11. júní 2010**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegrar EES-nefndarinnar nr. 38/2010 frá 30. apríl 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 399/2008 frá 5. maí 2008 um breytingu á VIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar kröfur varðandi tiltekkið, unnið gæludýrafóður <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 437/2008 frá 21. maí 2008 um breytingu á VII., X. og XI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar kröfur um vinnslu á mjólk og mjólkurafurðum sem eru skilgreindar sem efni í 3. flokki <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 523/2008 frá 11. júní 2008 um breytingu á VIII., X. og XI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar innflutning á blóðafurðum til framleiðslu á tæknilegum vörum <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 777/2008 frá 4. ágúst 2008 um breytingu á I., V. og VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til mannelis <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/48/EB frá 20. desember 2007 um breytingu á ákvörðun 2004/407/EB um bráðabirgðareglur varðandi hreinlæti og vottun samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar innflutning á gelatíni til ljósmyndunar frá tilteknum þriðju löndum <sup>(6)</sup>.
- 7) Ákvörðun þessi tekur til Íslands með aðlögunarfrestinum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. inngangsorðanna í I. kafla I. viðauka á þeim sviðum sem vörðuðu ekki Ísland

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 181, 15.7.2010, bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið ESB nr. 37, 15.7.2010, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 118, 6.5.2008, bls. 12.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 132, 22.5.2008, bls. 7.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 153, 12.6.2008, bls. 23.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 207, 5.8.2008, bls. 9.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 11, 15.1.2008, bls. 17.

áður en kaflinn var endurskoðaður samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2007 frá 26. október 2007 <sup>(7)</sup>.

8) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði I. kafla I. viðauka breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 9b (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002) í hluta 7.1:
  - „– **32008 R 0399**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 399/2008 frá 5. maí 2008 (Stjtið. ESB L 118, 6.5.2008, bls. 12),
  - **32008 R 0437**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 437/2008 frá 21. maí 2008 (Stjtið. ESB L 132, 22.5.2008, bls. 7),
  - **32008 R 0523**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 523/2008 frá 11. júní 2008 (Stjtið. ESB L 153, 12.6.2008, bls. 23),
  - **32008 R 0777**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 777/2008 frá 4. ágúst 2008 (Stjtið. ESB L 207, 5.8.2008), bls. 9).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 42. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/407/EB) í hluta 7.2:
  - „– **32008 D 0048**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/48/EB frá 20. desember 2007 (Stjtið. ESB L 11, 15.1.2008, bls. 17).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 399/2008, 437/2008, 523/2008 og 777/2008 og ákvörðunar 2008/48/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

---

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 27.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 11. júní 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

*A. Seatter*

formaður